

Fundarsköp þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, eru hér með staðfest til þess að öðlast gildi 1. janúar 1948. Jafnframt er úr gildi numinn II. kafli samþykktar um fundarsköp bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar, frá 24. janúar 1930. 216 27. des.

Félagsmálaráðuneytið, 27. desember 1947.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Efstabæjarsystkina“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. desember 1947. 217 31. des.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Efstabæjarsystkina.

1. gr.

Til sjóðs þessa var efnt á nitugasta afmælisdegi Herðísar Sigurðardóttur á Varmalæk til minningar um hana og systkin hennar, og skal sjóðnum varið til menningarauka með niðjum þeirra. Er honum einkum ætlað að styrkja efnilega menn úr þeim hópi til náms.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu það vera skólastjóri héraðsskólans í Reykholti og 2 menn, karl og kona, sem þeir af niðjum Sigurðar Vigfússonar í Efstabæ, sem lagt hafa sjóðnum fé, kjósa úr sínum hópi til 5 ára í senn, í fyrsta sinn fyrri hluta ársins 1948. Verk stjórnarinnar er:

1. Að vinna að viðgangi sjóðsins og sjá um geymslu hans,
2. að ákveða styrkveitingar úr sjóðnum.

3. gr.

Skipulagsskrá þessa skal endurskoða fyrir árslok 1957 og sér stjórn sjóðsins um, að það verði gert. Til að setja nýja skipulagsskrá þarf samþykki meiri hluta þeirra manna, er samkvæmt 2. gr. hafa rétt til að kjósa stjórn sjóðsins.

Reykjavík, 22. desember 1947.